



Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur

STARFSLEYFI

fyrir grunnskóla (Skólaborpið í Laugardal) með 10 kennslustofum að Reykjavegi 19, F2531038, merking K96-E, K153-E, K106-E, K105-E, K104-E, K103-E, K154-E, K155, K156-E, K157-E

Nafn leyfishafa: Reykjavíkurborg (skóla- og frístundasvið)

Heimilisfang: Ráðhúsið

Póstnúmer: 101

Kennitala: 530269-7609

Útgáfudagur leyfis: XX.XX. 2026

Gildir til: XX.XX 2038

Starfsleyfi þetta er gefið út samkvæmt ákvæðum laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og laga nr. 93/1995 um matvæli þegar um matvæli er að ræða. Leyfishafi skal hlíta ákvæðum framangreindra laga, einnig laga nr. 6/2002 um tóbaksvarnir með síðari breytingum. Einnig ákvæðum annarra laga, reglugerða og starfsleyfisskilyrða sem um starfsemina kunna að gilda.

Leyfið er einnig gefið út með Samræmdum starfsleyfisskilyrðum fyrir grunnskóla

Fyrirhugaðar breytingar á húsnæði, framleiðslu eða rekstri skulu gerðar í samráði við Heilbrigðiseftirlit. Við flutning eða eigendaskipti fellur starfsleyfið úr gildi nema nýr rekstraraðili sæki um að leyfið færist yfir á hans nafn.

Framsal þessa leyfis er óheimilt. Skylt er að framvísa starfsleyfinu þegar opinber eftirlitsaðili óskar þess. Starfsleyfi þetta skal hanga uppi á áberandi stað.

Heimilt er að endurskoða starfsleyfi þegar þörf krefur. Leyfishafi skal greiða starfsleyfis- og eftirlitsgjöld samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Reykjavík, XX.XX. 2026

Umsókn um starfsleyfi til Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Umsókn móttokin

27. mars, 2026

Einkvæmt auðkenni: 1a490323-1b9a-4206-9ed5-8d1c174b4744

Skilmálar

Já, ég samþykki!

✓

Tegund umsóknar

Vinsamlegast hakið við það sem við á

Ný starfsemi

Starfsemi hefst

04/07/2026 00:00:00

Starfsstöð og fyrirtæki

Heiti starfsstöðvar

Skólaþorpið í Laugardal

Aðsetur starfsstöðvar

Reykjavegur 19

Póstnúmer aðseturs

104

Símanúmer

Netfang

thordis.eik.fridthjofsdottir@reykjavik.is

Heimasíða

-

Nafn fyrirtækis

Laugarnesskóli

Kennitala fyrirtækis

5302697609

Heimilisfang fyrirtækis

Kirkjuteigur 24

Póstnúmer fyrirtækis

104

Forsvarsmaður

Nafn forsvarsmanns

Þórdís Eik Friðbjófsdóttir

Kennitala forsvarsmanns**Sími forsvarsmanns****Netfang forsvarsmanns**

thordis.eik.fridthjofsdottir@reykjavik.is

Hvar fer starfsemin fram?

Hvar fer starfsemin fram?

Í fasteign

Fasteignanúmer

F2531038

Rýmisnúmer

K96-E, K153-E, K106-E, K105-E, K104-E, K103-E, K154-E, K155, K156-E, K157-E

Starfsemi

Hvers konar starfsemi?

Hollustuhættir

Nánari lýsing á starfseminni

Sótt er um leyfi fyrir 1. áfanga Skólaborpsins í Laugardal. Um er að ræða 10 kennslustofur. Þar mun Laugarnesskóli vera með kennslu fyrir 4. og 6. bekk. Börnin munu borða og fara í verkgreinar og íþróttir í Laugarnesskóla.

Fylgigögn

Viðbótargögn

Reykjavegur_19(15)._Aðalupp.pdf



Reykjavík, 7. apríl 2026
USK26030467

UMSÖGN BYGGINGARFULLTRÚA Á SAMÞYKKTRI NOTKUN HÚSNÆÐIS

Viðtakandi: Þórdís Eik Friðþjófsdóttir
Sendandi: Byggingarfulltrúi

Heimilisfang: Reykjavegur 19 - Skólaþorpið fnr 2531038

Merking: K96-E,K153-E,K106-E,K105-E,K104-E, K103-E,K154-E, K155-E,K156-E, K157-E

Starfsemi: Færanlegar kennslustofur - grunnskóli

Byggingarfulltrúi gerir ekki athugasemdir við að Heilbrigðiseftirlitið gefi út starfsleyfi fyrir færanlegar 10 kennslustofur að Reykjavegi 19 – Fasteignanúmer 2531038

Húsnæðið heimilar þessa notkun.

Samkvæmt heimildum byggingarfulltrúa er ekki séð að breyting hafi átt sér stað á húsnæðinu frá samþykktum aðaluppdráttum dags. 18.03.2025 USK25010194 – ef svo er ber að sækja um byggingarleyfi hjá byggingarfulltrúa Reykjavíkur.

Öryggisúttekt er staðfest með útgáfu vottorðs dags 7.4.2026, vottorðið fellur úr gildi 7.4.2027 en þá skal vera búið að gefa út vottorð um lokaúttekt á allt byggingarleyfið.

Umsögn byggingarfulltrúa á að fylgja með skráningu starfsleyfis hjá Heilbrigðiseftirliti.

Ef húsnæðið uppfyllir ekki kröfur Heilbrigðiseftirlits fyrir fyrirhugaðri starfsemi þá skal sækja um þær breytingar sem þarf að gera á húsnæðinu.

Virðingarfyllst,
f.h. byggingarfulltrúa
Björg Árdís Kristjánsdóttir
Umhverfis- og skipulagssvið



Reykjavík

STARFSLEYFISSKILYRÐI FYRIR

Grunnskóla

Samræmd starfsleyfisskilyrði vegna hollustuhátta, sbr. lög nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum

1. ALMENN ÁKVÆÐI OG GILDISSVIÐ

		Rlg. .nr.	Uppfyllt
1.1	Starfsleyfið gildir fyrir grunnskóla.	941/2002	
1.2	Starfsleyfið gildir aðeins í húsnæði sem tilgreint er í starfsleyfinu og hlotið hefur staðfestingu leyfisveitanda byggingarleyfis á því að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun húsnæðisins. Starfsleyfi grunnskóla tekur til húsnæðis, lóðar, leiktækja og leiksvæðis.	941/2002 14.gr. 942/2002 2.gr.	
1.3	Þess skal gætt við staðsetningu grunnskóla að ekki verði um að ræða ónæði vegna hávaða frá umferð, atvinnurekstri eða annarri starfsemi.	941/2002 34.gr.	
1.4	Ef um annan starfsleyfisskyldan rekstur er að ræða samhliða, gilda viðeigandi starfsleyfisskilyrði	941/2002 7.gr.	
1.5	Innra eftirlit skal vera í samræmi við 11. gr. reglugerðar um hollustuhætti eins og nánar er tilgreint í skilyrðum þessum.	941/2002 11.gr. og 36.gr.	
1.6	Aðgangur skal vera að neysluvatni, um gæði þess gilda ákvæði reglugerðar um neysluvatn	941/2002 14. gr.	
1.7	Rekstraraðili ber ábyrgð á rekstri fyrirtækis að öllu leyti þar með talið að lögum og reglum, sem eiga við um starfsemina, sé fylgt sem og kröfum í starfsleyfi.	941/2002 13.gr.	

2. HÚSNÆÐI OG BÚNAÐUR

		Rlg.nr.	Uppfyllt
2.1	Húsnæði skal vera vel við haldið og aðskilið frá óskyldum atvinnurekstri eða íbúð.	941/2002 14.gr.	
2.2	Húsakynni skulu vera rúmgóð, björt, hæfilega hituð og loftræst á fullnægjandi hátt.	941/2002 14.gr.	
2.3	Hljómburður skal vera hæfilegur og hljóðeinangrun þannig að ekki valdi verði truflun af ólíkri starfsemi innan skólans.	941/2002 37.gr.	

2.4	Greiður aðgangur skal vera að drykkjarvatni	941/2002 37.gr.	
2.5	Læst og loftræst ræstiaðstaða skal vera til staðar. Þar skal vera ræstilaug og nægjanlegt geymslurými fyrir ræstiahöld og efnavöru.	941/2002 14.gr.	
2.6	Í skólastofum grunnskóla skal vera handlaug. Einnota handþurrkur skulu vera við handlaugar.	941/2002 38.gr.	
2.7	Stærð, gerð og fjöldi salerna fer eftir ákvæðum byggingareglugerðar	941/2002 37.gr.	
2.8	Salerni skulu loftræst með opnanlegum glugga eða vélrænni loftræsingu.	941/2002 15.gr.	
2.9	Þar sem skilrúm salernisklefa ná ekki niður að gólfi og upp að lofti skulu salernisrými vera aðgreind fyrir karla og konur	941/2002 15.gr.	
2.10	Handlaug með heitu og köldu vatni og tilheyrandi hreinlætisbúnaði skal vera í klefanum eða við hann í sérstöku rými	941/2002 15.gr.	
2.11	Ruslafata með loki skal vera í hverjum salernisklefa	941/2002 15.gr.	
2.12	Lágmarksaðstaða nemenda skal vera í samræmi við reglugerð nr. 657/2009 um gerð og búnað grunnskólahúsnaðis og skólalóða.	941/2002 37.gr. 657/2009 7.gr	
2.13	Sé mötuneyti starfrækt í skóla skal nemendum séð fyrir sérstakri aðstöðu til að matast.	941/2002 38.gr 657/2009 5.gr.	

3. HÁVAÐI

		Rlg.nr.	Uppfyllt
3.1	Um hávaða gildir reglugerð nr. 724/2008. Virða skal mörk um hávaða. Gæta skal þess að hljóðstig verði ekki það hátt að valdi óþægindum.	724/2008 7.gr.	
3.2	Hljómburður skal vera hæfilegur og hljóðeinangrun þannig að ekki valdi verði truflun af ólíkri starfsemi innan skólans.	941/2002 Gr.37	

4. HREINLÆTI OG ÞRIF

		Rlg.nr.	Uppfyllt
4.1	Hreinlætisáætlun skal vera skrifleg og verklýsing á hverju vinnusvæði þar sem fram kemur hversu oft á að þrifa og hvaða efni á að nota til þrifa	941/2002 Gr. 11, 14, 34 og 36	
4.2	Alsherjarhreingerning eða málun skal fara fram eftir þörfum.	941/2002 Gr.11 og 14	



4.3	Gólfefni og annar frágangur húsnæðis skal vera þannig að þrif séu auðveld.	941/2002 gr.11 og 14	
4.4	Loftræsikerfi skal halda við og hreinsa reglulega. Þjónustuhandbók fyrir vélrænt loftræsikerfi eða samsvarandi leiðbeiningar skulu vera aðgengilegar fyrir eftirlitsaðila.	941/2002 gr.11 og 14	
4.5	Ekki má hleypta hundum, köttum eða öðrum gæludýrum inn í húsnæðið eða lóð. Heilbrigðisnefnd getur heimilað að farið sé með dýr inn í skóla í afmarkaðan tíma enda komi það fram í starfsleyfi eða gefið út einstakt leyfi fyrir sérstakar heimsóknir. Þó er fötluðum einstaklingum heimilt að hafa með sér hjálparhund.	941/2002 19.gr og fylgiskjal 3.	
4.6	Tóbaksreykingar eru bannaðar í grunnskólum, bæði í húsnæði og á lóð	Lög nr. 6/2002	

5. MATVÆLI

		Rlg.nr.	Uppfyllt
5.1	Fara skal að ákvæðum matvælaeðlunargæðingja um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framreiðslu og dreifingu matvæla.	Rlg 103/2010 og 852/2004	

6. ÖRYGGI OG SLYSAVARNIR

		Rlg.nr.	Uppfyllt
6.1	Rekstraraðila er skylt að fyrirbyggja slys og leita allra leiða til að gera húsnæði, lóð, aðstöðu og búnað þannig úr garði að það sé sem öruggast fyrir börn.	941/2002 37.gr	
6.2	Setja skal starfsreglur sem miða við að auka öryggi og koma í veg fyrir slys. Fara skal eftir viðeigandi ÍST-EN stöðlum um öryggi og slysavarnir.	941/2002 37.gr	
6.3	Skólastjóri er ábyrgur fyrir því að reglulegt innra eftirlit sé haft með leikvallatækjum, leiksvæðum og búnaði.	942/2002 12.gr.	
6.4	Uppfylla skal kröfur um öryggi vatns, þannig að vatnshiti fari ekki yfir 43°C á töppunarstað, í samræmi við 14.5.10. gr. byggingarreglugerðar nr.112/2012.	941/2002 14.gr.	
6.5	Skólastjóri skal skrá slys og óhöpp sem verða í skólanum á þar til gerð eyðublöð.	941/2002 11. og 36.gr. 942/2002 12.gr.	

7. LÓÐ, LEIKVALLATÆKI OG LEIKSVÆÐI

		Rlg.nr.	Uppfyllt
7.1	Um leikvallatæki og leiksvæði gildir reglugerð nr. 942/2002 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim.		
7.2	Leikvallatæki, undirlag og annar búnaður skulu uppfylla ÍST-EN staðla sem taldir eru upp í viðauka I og IV.	942/2002 viðauki I og IV	
7.3	Innra eftirlit skal vera í samræmi við 12. gr. reglugerðar nr. 942/2002 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim.	942/2002 12.gr.	
7.4	Innra eftirlit greinist í reglubundna yfirlitsskoðun, rekstrarskoðun og aðalskoðun. Skráningar á innra eftirliti sem og afrit af skýrslum um aðalskoðun skal vera til staðar í starfstöð og skal eftirlitsaðili hafa aðgang að þeim. Tilgreina skal til hvaða úrbóta skal grípa til þegar frávik verða frá ákvæðum reglugerðar og hvenær úrbótum er lokið. Sjá dæmi um rekstrarskoðun á heimasíðu Umhverfisstofnunar, http://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/hollustuhaettir/ReglulegSkodunLeikvalla.pdf	942/2002 Viðauki III 942/2002 7.gr. 942/2002 Viðauki II	
7.5	Um frágang, viðhald og sandskipti í sandkössum skal fara eftir leiðbeiningum Umhverfisstofnunar. Sjá kafla 3.8 í Öryggisvísi leiksvæða á heimasíðu Umhverfisstofnunar, http://ust.is/library/Skrar/Atvinnulif/hollustuhaettir/oryggisvisir_2004.pdf		
7.6	Leiksvæði skal vera vel framræst og þess gætt að vatn safnist ekki fyrir á lóðinni þannig að stafi hætta af.		
7.7	Skólalóðir skulu afgirtar að hluta til eða að öllu leyti ef að slyshætta stafar af umhverfi. Frágangur lóða skal vera þannig að börnum stafi ekki hætta af.	941/2002 38.gr.	
7.8	Lýsing á lóð skal vera góð.	942/2002 6.gr.	

8. UMHVERFISMÁL

		Rlg.nr.	Uppfyllt
8.1	Aðkoma og lóð skulu vera hrein og snyrtileg og uppfylla almenn öryggissjónarmið	941/2002 34.gr	
8.2	Leitast skal við að draga úr sorpmýndun og auka endurvinnslu úrgangs.	737/2003, 12.gr.	



	Spilliefnum skal komið til viðurkenndra móttökustöðva.		
8.3	Lyf og hættuleg efni skulu geymd þar sem börn ná ekki til. Efnavara skal merkt á fullnægjandi hátt.	Lög nr. 61/2013 og rlg 941/2002 37. gr.	
8.4	Leitast skal við að nota umhverfismerkt efni til þrifa o.þ.h. þar sem því verður við komið og forðast óþarfa notkun á efnavöru	941/2002 14. gr.	
8.5	Fara skal að ákvæðum reglugerðar um fráveitur og skólp eftir því sem við á.	798/1999	


Starfsleyfisskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir,
 Reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti
 Reglugerð nr. 942/2002 um öryggi leikvallatækja og leiksvæða og eftirlit með þeim.
 Reglugerð 724/2008 um hávaða
 Reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs
 Reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp
 Reglugerð nr. 806/1999 um spilliefni breytt með reglugerð nr. [169/2002](#),
 Lög nr. 6/2002 um tóbaksvarnir
 Lög nr. 93/1995 um matvæli og reglugerðum sem byggja á þeim
 Reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn,
 Lög nr. 85/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald,
 Reglugerð nr. 585/2007 um veitingastaði, gististaði og skemmtanahald,
 Byggingarreglugerð nr. 112/2012,
 Reglugerð nr. 657/2009 um gerð og búnað grunnskólahúsnæðis og og skólalóða,
 Efnalög nr. 61/2013 og reglugerðum sem á þeim byggja.

Atvinnugreinaflokkur (ISAT):

85200 Fræðslustarfsemi á grunnskólastigi

Reykjavík 19.07.2018



Kristín Linda Árnadóttir

